

AUGLÝSING um breytingu á deiliskipulagi í Múlaþingi.

Selbrekka – efra svæði, Egilsstöðum.

Heimastjórn Fljótsdalshéraðs samþykkti 1. mars 2021 óverulega breytingu á deiliskipulagi Selbrekku, efra svæðis á Egilsstöðum. Breytingin tekur til lóða nr. 1, 3, 5 og 7 við Klettsel og spennistöðvar sunnan við Dalsel 2, ásamt sleppistöði fyrir rútur. Að öðru leyti gilda eldri skilmálar.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Egilsstöðum, 9. mars 2021.

Sigurður Jónsson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 30. mars 2021